




Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2025

MYNL3PR05

Kennari	Gunnhildur Þórðardóttir, gunnhildur.thordardottir@fss.is	
Viðtalstími	Viðtalstími á þriðjudögum kl. 11.55-12:35 í stofu 301.	
Námsefni	Ljósrit frá kennara, efni frá veraldarvefnum og annað efni auk þess sem farið verður í safnfræðslu og sýningar á söfnum og vinnustofa listamanns heimsótt og Fablab Suðurnes. Nemendur nálgast gögn á INNU.	
Áfangalýsing	<p>Þrívíð verkefni verða unnin frá hugmynd til útfærslu. Leitast er við að dýpka skilning nemenda á meginatriðum þrívíðrar myndbyggingar um leið og næmi fyrir mismunandi eiginleikum efna er eflt. Hönnunarsagan skoðuð í tengslum við verkefnin. Þjálfun í þeirri skissu- og hugmyndavinnu sem öll myndræn sköpun byggist á, hvort sem um er að ræða hönnun eða frjálsa myndlist. Í áfanganum er unnið með grunnforsendum tvívíðrar myndbyggingar og þrívíðrar hönnunar. Fjölbreyttar æfingar eru gerðar til að kanna myndflötinn, skoðað hvernig form og hlutföll hafa áhrif á jafnvægi hans og áhersla breytist eftir því hvernig lína og form skipta fletinum upp. Unnið er með hugtök eins og hrynjanda, jafnvægi og ójafnvægi, léttleika og þunga bæði í rými og í tvívíðum verkum. Nemendur læra meginatriði myndbyggingar í rými og þróa hugmyndir sínar áfram með tilliti til þess efniviðar sem við á hverju sinni. Að lokum vinna nemendur tillögur að einföldum hönnunarverkefnum eða skúlptúrum. Í tvívíðum æfingum er unnið með óhlutbundin form, svartan lit á hvítt og í þrívíðum verkefnum er byggt úr einföldum efnum, pappa, við, leir og vír.</p>	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Mikilvægt er að m æta í alla tíma Símatsáfangi <input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf <input type="checkbox"/> Sleppikerfi <input type="checkbox"/>	
	Heiti	Vægi
	Verkefni	50%
	Skissubók	25%
	Virkni og raunmæting	25%
Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.	
Annað sem kennari vill láta koma fram	Nemendur komi undirbúnir í kennslustundir og með viðeigandi gögn meðferðis. Þá er ætlast til að þeir sækja allar kennslustundir og skili verkefnum á réttum tíma skv. mætingareglum skólans. Nemendur koma með skissubækur, teikniblýanta HB, 2B, og 6B og akrýlmálningu. Sjálfförnandi leir. Efnisgjald er á INNU.	

Þekking	Leikni
<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hugtökum eins og jákvætt og neikvætt rými • Vægi forma og hlutfalla í myndbyggingu • grunnforsendum myndbyggingar í tvívíðum og þrívíðum verkum 	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Nota a meðvitaðan hátt jákvæð og neikvæð form í myndbyggingu • Yfirfæra niðurstöðu kannana sinna úr tvívídd yfir í þrívídd • Geta byggt upp einföld verk sem byggjast á virkni í þrívídd
	
Hæfni	
<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Túlka hugmyndir með beitingu forma og hlutfalla í mynd • Þekkja áhrif línu og flata í myndbyggingu • Kynna niðurstöður sínar á fjölbreyttan hátt • Taka virkan þátt í umræðu um verkefni sín og annarra nemenda 	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	8 vikur x 7 klst.	56 klst.
Heimavinna	8 vikur x 4 klst.	32 klst.
Undirbúningur	12 klst.	12 klst.
Rannsóknarvinna	3 x 2 klst.	6 klst
Alls		106 klst. = 5 fein*

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 6. – 10. janúar	Kynning á kennsluáætlun, fyrirlestur Nemendur kynna sér ýmsa listamenn og farið í vettvangsferð að skoða listaverk bæjarins	Verkefni 1 teikna skúlptúr og skissa Skissubók 4 skissur
2. vika 13. – 17. janúar	Tilraunir með grunnform og mismunandi efni	Skila verkefni 2 skúlptúr grunnform Skissubók 4 skissur (8)
3. vika 20. – 24. janúar	Prívíð verkefni gerð úr bylgjupappa	Skilaverkefni 3 skúlptúr úr bylgjupappa Skissubók 4 skissur (12)
4. vika 27. – 31. janúar	Prívíð verkefni gerð úr leir og tvívíð verkefni úr leir	Skila verkefni 4 Skúlptúr leir Skissubók 4 skissur (16)
5. vika 3. - 7. febrúar	Vettvangsheimsókn, safnfræðsla heimildavinna	Skila verkefni 5 lágmynd úr leir Skissubók 4 skissur (20)
6. vika 10. - 14. febrúar <i>Uppbrotisdagur</i>	Listaverk bæjarins – nemendur vinna verkefni út frá útilistaverkum bæjarins	Skila verkefni 6 – listaverk bæjarins Skissubók 4 skissur (24)
7. vika 17. - 21. febrúar	Nemendur vinna með höggmyndalistmanna, gera stuttan fyrirlestur um viðkomandi og vinna verk út frá því	Skila verkefni 7 listamaður lokaverk Skissubók 4 skissur (28)
8. vika 24. - 28. febrúar <i>Vetrarfrí 27. og 28.</i>	Nemendur flytja fyrirlestur um höggmyndalistamann og sýna verk sitt og fá endurgjöf	Skila verkefni 9 Skissubók 4 skissur (32)
9. vika 3. - 7. mars <i>Námsmatsdagur - Miðannarmat</i>	Lokaskil á verkefnum og skissubók	Skila lokaverki, fyrirlestri og skissubók

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Gunnhildur Þórðardóttir